

Alþingi
Erindi nr. P 141/534
komudagur 15.11.2012



ÍSLENSKA ÓPERAN

Athugasemdir Íslensku óperunnar við frumvarp til sviðslistalaga – Mál 199.

(Lagt fyrir Alþingi á 144.löggjafarþingi 2012-2013)

Íslenska óperan lýsir ánægju sinni með að í frumvarpinu skuli nú vera sérstök grein um reglubundna óperustarfsemi (19.grein).

Við viljum þó benda á, að við teljum nauðsynlegt að nafn Íslensku óperunnar komi fram í greininni.

Er það ekki síst í ljósi þess að í eigin athugasemdum menntamálaráðuneytisins við umrædda grein (19.grein) er í tvígang ítrekað að greinin sé einkum tilkomin til þess að tryggja áframhaldandi grundvöll og starfsemi Íslensku óperunnar.

Íslenska óperan á 30 ára afmæli á þessu ári. Hún hefur því starfað í þrjá áratugi og hefur allt frá stofnun notið styrks frá ríkinu og þar með í verki hlotið síaukna viðurkenningu á nauðsyn þess að haldið sé úti reglubundinni atvinnustarfsemi á óperusviðinu á vegum hins opinbera. Íslenska óperan hefur með samfelldri og metnaðarfullri starfsemi sinni hlotið verðskuldaðan og vaxandi stuðning yfirvalda. Starfsemi Óperunnar er algerlega háð þessu ríkisframlagi. Óperan hefur sýnt og sannað að hún hefur á þessum þrem áratugum vaxið og þróast og er nú eftir flutningana í Hörpu betur í stakk búin en nokkru sinni fyrr að bjóða upp á metnaðarfullar sýningar atvinnufólks sem fyllilega standast alþjóðlegan mælikvarða hvað gæði varðar.

Minnt skal á nauðsyn þess að allt það unga fólk, sem leggur stund á tónlistarnám, hvort heldur er söngur eða hljóðfæraleikur, eygi í starfsemi Íslensku óperunnar framtíðarmöguleika til starfa á atvinnumannagrundvelli. Við flutninga Óperunnar í Hörpu hefur þjóðin loksins eignast glæsilegan vettvang til þess að njóta óperutónlistarflutnings eins og best verður á kosið. Ljóst er að slík starfsemi er kostnaðarsöm og því nauðsynlegra en nokkru sinni að yfirvöld tryggi starfsemi og tilvist Óperunnar með áframhaldandi ríkisframlagi.

Það er því fyllilega tímabært að Íslenska óperan sé endanlega lögfest í sessi með því að vera nafngreind í umræddri lagagrein.


Greinin gæti þá hljóðað svo: (breytingarviðbót með feitu letri)



19. grein Reglubundin óperustarfsemi.

Stuðla skal að því að glæða áhuga landsmanna á óperum og skapa grundvöll fyrir reglubundinn óperuflutning. Í því skyni er ráðherra heimilt að gera fyrir hönd ríkissjóðs tímabundinn samning við lögaðila, félög eða stofnanir **svo sem Íslensku óperuna**, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum á samningstímanum.

Virðingarfyllt
Fh. Íslensku óperunnar



Stefán Baldursson, óperustjóri

PS. Varðandi aðrar athugasemdir við frumvarp til sviðslistalaga, vísast til athugasemda samtakanna SAVÍST (Samtök atvinnuveitenda í sviðslistum og tónlist) sem Íslenska óperan er aðili að. Koma þar fram skoðanir okkar á nokkrum öðrum greinum sviðslistalaganna, svo sem nauðsyn þess að endurskoða hlutverk og verksvið sviðslistaráðs og sviðslistasjóðs og hvernig staðið er að vali fulltrúa í þær stjórnir - auk nokkurra annarra atriða.